

## Lög

um

breyting á póstlögum nr. 43, 16. nóvember 1907.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slesvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

## 1. gr.

Í stað 1. gr. komi:

- a. Hinum íslensku póstmálum skal stjórnað af aðalpóstmeistara, sem hefir umsjón með rekstri póststarfanna.  
Aðalpóstmeistari stendur undir ráðherra þeim, sem póstmálin heyra undir, án nokkurra milliliða
- b. Til aðstoðar aðalpóstmeistara skal skipa póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn.
- c. Í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði skulu skipaðir póstmeistarar, og skulu þeir og póstaftgreiðslumenn, sem hafa sjálfstæða reikningsfærslu, standa beint undir aðalpóstmeistara.

## 2. gr.

Í stað 2. gr. c, 2. málsg. komi:

Undir fylgibrjef með böggjum má að eins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

## 3. gr.

Í stað 7.—9. málsg. 9. gr. komi:

Póststjórnin greiðir fyrir flutninga sendinga þeirra, er hjer um ræðir, sanngjarna borgun, miðað við flutningsgjald á öðrum vörum.

## 4. gr.

Í stað 11. gr. komi:

Burðargjald fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 2. gr., er svo sem nú skal greina:

a. Fyrir laus brjef:

1. Almenn brjef, sem borgað er undir fyrirfram með frimerkjum,  
ef þau vega 20 grömm eða minna . . . . . 15 aurar  
ef þau vega yfir 20 grömm að 125 grömmum . . . , . . . 30 --

Nr. 64  
28. nóv.

ef þau vega yfir 125 grömm að 250 grömmum . . . . . 45 aurar  
Burðargjald undir þyngri brjef er hið sama eins og til landa ut-  
anríkis, sem er:

Fyrir hin fyrstu 20 grömm 20 aurar, og svo 10 aurar fyrir hver  
20 grömm, sem þar eru fram yfir.

Spjaldbrjef . . . . . 10 aurar  
Spjaldbrjef með borguðu svári . . . . . 20 —

Sjeu frímerki eigi viðhöfð eða eigi næg frímerki, skal auk hins  
ógreidda burðargjalds taka 10 auru fyrir hverja sendingu, þó aldrei meira  
en burðargjaldið tvöfalt.

2. Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða að eins samanbrotið  
eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða snið, þegar frímerki eru  
höfð, 5 aurar fyrir hver 50 grömm eða minni þunga.

Ef á póstsendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft  
af póststjórninni, ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að  
hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefir  
fyrir lagt, eða ef þyngdin er meiri en 2. gr. póstlaga 16. nóv. 1907  
ákveður, þá fer um borgunina sem fyrir er mælt um almenn brjef, þegar  
frímerki eru ekki viðhöfð.

3. 15 aurar greiðist enn fremur fyrir ábyrgð hvernar sendingar, sem talin  
er í 1. og 2.

b. Fyrir peningabrjef:

10 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 krónur eða minni upp-  
hæð, sem tilfærð er utan á brjefinu, þó ekki minna en 30 aurar, og þar að  
auki burðargjald eins og fyrir almenn brjef.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á pósthúsinu, þar sem það  
er afhent, hvort heldur er gjaldgeng mynt eða brjefpeningar, handhafaskulda-  
brjef eða önnur slík brjef, skal borgunin fyrir það vera:

Fyrir 500 kr. upphæð eða minna . . . . . 10 aurar  
og fyrir hverjar 1000 kr. eða minna af því, sem fram yfir er . . . 5 —

Borgun fyrir talning fellur til hlutaðeigandi pósthúss.

c. Fyrir böggla:

20 aurar fyrir hvern böggul, og að auki 10 aurar fyrir hvert  $\frac{1}{2}$   
kilógramm eða minni þunga.

Eigi að senda böggla með landpóstum, skal þar að auki greiða:

Frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert  $\frac{1}{2}$   
kilógramm eða minni þunga . . . . . 40 auru

Frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir  
hver 125 grömm eða minni þunga . . . . . 40 —

Fyrir böggla, sem rúmfrekir eru í hlutfalli við þyngd sína, svo og  
böggla, sem eftir ásigkomulagi sínu útheimta, að varlega sje með þá farið,  
skal borgað allt að 100% meira.

Sje verð tilgreint á bögglinum, skal enn fremur greiða ábyrgðargjald Nr. 64 það, sem ákveðið er í staflið b. 28. nóv.

Sje í bögglinum gjaldgeng mynt, brjefpeningar, handhafaskuldabrijf eða önnur slík verðbrjef, og sje beiðst tölu á því fje, þá skal borga fyrir talning sem um peningabrijf segir, en ekki er hægt að heimta tölu á stærri upphæð en 2000 kr. í mótuðum peningum í einni sendingu.

Undir fylgibrjef á ekki að borga sjerstaklega.

d. Fyrir póstávisanir:

25 kr. eða minni upphæð . . . . . 15 aurar  
yfir 25 kr. alt að 100 kr. . . . . 30 —  
og 15 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

e. Fyrir póstkröfur

greiðist sama gjald og fyrir póstávisanir, og 10 aurar að auki fyrir hverja sendingu.

f. Fyrir blöð og tímarit:

Á tímabilinu frá 15 apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert  $\frac{1}{2}$  kílógram eða minni þunga . . . . . 25 aurar.

Á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert  $\frac{1}{2}$  kílógram eða minni þunga . . . . . 50 aurar.

Það skal alt vegið í einu, sem í einu er látið á pósthúsið af sama blaði eða tímariti, þótt sendingar sjeu margar og til ýmissa.

Póststjórnin setur nánari reglur um þessar sendingar, og má ákveða sjerstakt innritunargjald fyrir blöð og tímarit.

Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrijfum eða bögglum, til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem fyrir alment brjef.

Þegar peningabrijf eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 5 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfur burðareyrir, eins og hann er ákveðinn í staflið c.

## 5. gr.

12. gr. orðist svo:

Borgun sú, sem ákveðin er í 4. gr. þessara laga, skal greiðast fyrirfram fyrir:

1. Ábyrgðarbrjef.
2. Peningabrijf.
3. Böggla.
4. Póstávisanir.
5. Póstkröfur.
6. Móttökukvittanir.

Nr. 64 7. Krossbandssendingar og blöð og tímarit, sem flutt eru samkv. 4. gr. f.  
28. nóv. þessara laga.

8. Sendingar til konungs og konungsættingja.

9. Sendingar til stjórnarvalda og sveitar- eða bæjarstjórna, að undanskildum almennum brjefasendingum, sem eru frá öðrum en þesskonar mönnum, þegar þær að eins eru umbeðnar eða krafðar skýrslur eða umsagnir, og sendandi hefir með eigin handar undirskrift vottað það á sendingunni.

10. Spjaldbrjef og brjef, sem eru opin, eða utan á þau er ritað svo, að móttakandi getur ályktað af því, hvað þau hafa inni að halda.

Einstakir menn, sem senda eitthvað með pósti, eru skyldir til að borga eftir á ógold-a póstpeninga fyrir sendingar, sem eigi eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, ef þess verður krafist af póststjórnninni.

6. gr.

Í stað síðustu málsgreinar í 13. gr. komi:

Frimerki, spjaldbrjef, opin og þau, sem loka má, er póststjórnninni heimilt að láta búa til með þeim verðupphæðum, sem hún álitur haganlegt, og verða þau til sölu á öllum póststöðvum. Fyrir sölu á frimerkjum og spjaldbrjefum, samkvæmt reglum, sem póststjórnnin setur, greiðast 4 af hundraði. Póststjórnnin lætur og búa til eyðublöð undir spjaldbrjef, póstávisanir, póstkröfur, fylgibrjef, póstkvittanabækur m. m, og tiltekur verðið á þeim.

7. gr.

Í stað »20« í 21. gr. komi: 200.

8. gr.

Í stað »stjórnarráð« í 27. gr. komi: póststjórnn.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*